

# Leikskólinn Sólborg

## Ísafirði



**Árskýrsla fyrir starfsárið**

**1. september 2016 - 31. ágúst 2017**



## Efnisyfirlit

1.Inngangur.....	4
2.Skólahald.....	4
3.Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með markmiðin.....	8
4.Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun.....	9
5.Fjöldi barna og deilda.....	10
6.Fjöldi kennara, stöðugildi,forföll.....	10
7.Hreyfing á starfsfólki, barnsburðaleyfi og veikindi.....	10
8.Upplýsingar um keypta þjónustu.....	11
9.Upplýsingar um sjálfsmat.....	12
10.Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði,lóð.....	12
11.Upplýsingar um stórar fjárfestingar.....	13
12.Samstarf við aðrar stofnanir.....	14
13.Viðhald, breytingar og fjárfestingar.....	14
14.Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun.....	14
15.Lokaorð.....	14



## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem var á döfinni í leikskólanum Sólborg skólaárið 2016–2017, hvernig gekk að fylgja áætlunum og markmiðum eftir.

## 2. Skólahald

Skólaárið og skólahald gekk vel. Haustönnin einkenndist af undirbúningi fyrir opnun nýrrar 5 ára deildar sem fékk nafnið Tangi og er í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar við Austurveg. Allur undirbúningur gekk að óskum og opnaði deildin 19. janúar 2017. Á deildinni voru 47 nemendur fyrsta starfsárið. Starfsemi deildarinnar hefur gengið vel og stöðuleiki í starfsmannahópnum sem verður að mestu leiti sá sami næsta skólaár.

Aðlögun nýrra nemenda á Sólborg á Torfnesi byrjaði 23. janúar 2017. Hún gekk vel, nýir nemendur voru fljótir að finna til öryggis og samlagast hópnum.

Ákveðið var að prófa sl. vetur að hætta að fara með hópa í íþróttahúsið á Torfnesi og bjóða frekar fleirum upp á jóga í leikskólanum. Það hefur gefist vel og verður gert áfram.

Nemendur á Tanga sungu nokkur lög við opnun skíðavikunnar og opnuðu þar með myndlistarsýningu leikskólans sem var vítt og breitt um bæinn, á verkum barnanna út frá þema vetrarins „bærinn minn Ísafjörður“, og setti hún svip á umhverfið.

Vor- og sumarönn fóru í ýmsar ferðir um nærumhverfið, undirbúning fyrir sumarlokun og að taka á móti nýju nemendum að loknum leyfi.

Leikskólinn lokaði í þrjár vikur vegna sumarleyfa. Foreldrar völdu síðan viku fyrir eða eftir sumarlokun þannig að öll börn tóku fjórar vikur samfelldar í sumarleyfi. Starfsfólk raðaðist svo eftir bestu getu eftir leyfi barnanna, en það fór þó svo að það gekk ekki alltaf eftir þar sem þeir voru líka með sínar óskir miðaðar út frá sinni fjölskyldu. Það áttu ekki allir starfsmenn fullt leyfi og því þurfti ekki að ráð inn afleysingarfólk vegna sumarleyfa þetta árið.

Vikan fyrir sumarleyfi var róleg þar sem bæði hluti barna og starfsfólks var komið í sumarleyfi. Hún fór að mestu í tiltekt og þríf þegar því var komið við. Vikan eftir að opnað var aftur eftir sumarleyfi var líka róleg þar sem enn vantaði börn og starfsfólk, en hún fór í undirbúning þegar



Því var komið við, þar sem börn voru að flytja á Tanga, önnur á milli deilda með sínum kennurum og ný börn að byrja.

Á Tanga voru flestir nemendur fram að sumarleyfi leikskólans. Nokkur hættu fyrr og einnig fækkaði um nokkur þegar leið á sumarið sem ekki var vitað um fyrir. Þá áttu fjórir nemendur að koma eftir sumarleyfi á Tanga en það kom bara einn, hin hættu við að mæta þegar það lá fyrir að það yrði svona fámennt.

15. ágúst sl. byrjaði nýr hópur 5 ára nemenda á Tanga og eru þau fyrst um sinn 51 í allt, en fækkar svo í 49 um miðjan september. Aðlögun á Sólborg Torfnesi byrjaði 16. ágúst og hefur gengið vel. Nemendur eru að byrja eru allt niður í 12-13 mánaða gömul, og því um ungbarnadeild að ræða.

### **Leikskólinn hefur verið með fastar hefðir í skólahaldinu – þær voru eftirfarandi:**

- Á föstudögum er skipulagðar gleðistundir í leikskólanum. Nemendur og kennarar koma þá saman og njóta ýmiskonar uppákoma eins og t.d. lestur, framsögn, söng eða stuttur leikþáttur bæði frá nemendum og kennurum. Í haust voru smávægilegar breytingar gerðar. Einu sinni í mánuði eru allar deildarnar saman í gleðistund, en annars eru eingöngu yngri deildarnar saman, og eldri deildarnar saman. Deildarnar og stjórnendur skiptast á að stjórna gleðistundum.
- 5 ára nemendur á Tanga fara í íþróttahúsið við Austurveg 1x í viku.
- 5 ára nemendur fara í Tónlistarskólann 2x í viku, átta vikur í senn á haust- og vorönn.
- Haldið var upp á evrópska tungumáladaginn með samveru allra barna þar sem sungin voru lög á nokkrum tungumálum.
- 11. október var náttfataball.
- 27. október var foreldrakaffi frá kl. 8.00 – 10.00.
- 11. Nóvember var þjóðhátíðardagur Póllands haldin hátíðlegur, sungið á pólsku og Iwona og Monika (pólskumælandi kennarar) stjórnðu samverustund.
- 16. nóvember var haldið upp á dag ísl.tungu.



- 25. nóvember var smekklausi dagurinn hjá kennurum skólans þ.e. kennarar mæta í „hallærislegum“ fötum í skólann og veitt eru sérstök verðlaun.
- 2. desember voru kennarar og nemendur í árgangi 2013 með jóla-leikrit.
- Frá miðjum desember er sokkastund. Það er jólahefð í leikskólanum. Þá er kíkt í sokk sem jólasveininn kom með kvöldið áður og lesið þau skilaboð sem leynist í sokknum eins og t.d. óskalög jólasveinsins, sögur um og af jólasveinunum og fjölskyldu þeirra. Þessi samvera varir í c.a. 10-15 mín og deildirnar skiptast á að skipuleggja þessar stundir. Reynt er að hafa sokkastundirnar jafn margar og jólasveinarnir eru.
- 16. desember var jólastund Sólborgar. Sögd var jólasaga og jólasveinar komu í heimsókn, og boðið var upp á jólamat.
- 19. Janúar opnaði 5 ára deildin Tangi.
- 20. janúar var haldið Þorrablót.
- 1. Febrúar var haldið upp á 19. ára afmæli Sólborgar. Sungið var fyrir skólann og boðið upp á Sólarvöflur í kaffinu eftir hádegið.
- 6. febrúar var haldið upp á dag leikskólans sem er 6. febrúar ár hvert. Sýnt var kynningarmyndband um starfsemi skólans .
- 27. febrúar var maskaball og boðið upp á bolludagsbollur.
- 3. mars voru nemendur í árgangi 2013 með leikrit í gleðistund.
- 10. mars var gestadagur á Sólborg torfnesi og á Tanga.
- 30. mars var tveimur elstu árgöngunum boðið á árshátíð Grunnskólans.
- 12. apríl sungu nemendur á Tanga við opnun Skíðavikunnar og opnuðu þar með Listasýningu leikskólans.
- 24. maí kl. 10.00 voru elstu börnin útskrifuð frá 5 ára deildinni Tanga. Útskriftin fór fram í Hömrum og heppnaðist í alla staði mjög vel.
- 8. júní var listasýning leikskólanna í Ísafjarðarbæ, í Stjórnsýsluhúsinu.
- 14. júní var sólargangan. Leikskólarnir hér á eyrinni komu saman við kirkjuna og fóru saman í skruðgöngu með fána, kórónur og við trommuslátt, í lögreglufylgd niður á silfurtorg þar sem við syngjum um sólina, sumarið og 17. Júní. Þessi hefð er mjög



skemmtileg og gerir sterkan svip á bæinn. Við tengjum þetta bæði sumarkomunni og einnig þjóðhátíðardeginum okkar.

- 20. júní fóru nemendur og kennarar á Tanga í sumarferð. Þau byrjuðu á að labba upp í Naustahvilt og síðan í Raggagarð þar sem var leikið og grillað.
- 27. júní fóru elstu nemendur skólans í sína útskriftarferð. Þau fóru í ratleik um bæinn og þurftu að leysa alls kyns þrautir.
- 28. Júní fór nemendur á Króki sem byrjuðu síðan á Tanga eftir sumarfrí, í óvissuferð sem hefð er fyrir hér á Sólborg, Torfnesi.
- 7. júlí var sumargleði leikskólans. Boðið var upp á lambalæri, lóðin skreytt, tónlist spiluð og farið í ýmsa leiki á lóðinni. Nemendur og kennarar á Tanga mættu til okkar í gleðina.

### 3. Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með starfsmarkmiðin

Það gekk ágætlega að vel undirbúa opnun 5 ára deildarinnar Tanga sem var eitt af starfsmarkmiðunum. Deildarstjóri ásamt leikskólastjóra og öðrum sem að undirbúningi komu höfðu góðan tíma til undirbúnings og að gera allt tilbúið áður en deildin opnaði. Það hafði mikið að segja að vanda vel til verka áður en deildin opnaði formlega.

Annað starfsmarkmið var að styðja og styrkja starfsmannahópinn sem nú er staðsettur á tveimur stöðum og fá fram sameiginlega sýn á leiðarljós í starfinu. Það gekk vel en það er verkefni sem alltaf þarf að fara yfir reglulega.

Það gekk ekki að fá fræðslu frá utanaðkomandi um Reggio Emilia sem leikskólinn vinnur út frá og kemur tvennt til. Annars vegar þá var aðstoðarleikskólastjóri með fræðslu fyrir allt starfsfólk um Reggio og tengdi það þemastarfinu okkar sl. vetur og var það mjög fínt. Hins vegar þá var það ekki sett í forgang þar sem önnur fræðsla var sett frammar og tengdist læsisátakinu hjá sveitarfélaginu. Það gekk vel að þróa okkur áfram í að vinna að læsisverkefni sveitarfélagsins og mikil þekking og efniviður til í leikskólanum tengt því. Einnig fór hluti af starfsfólkinu á stutta fræðslu um Numikoon sem tengist stærðfræði.



#### 4. Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun

Í leikskólanum Sólborg starfar einstaklega jákvætt og gott starfsfólk sem vinnur sína vinnu vel, er tilbúið að veita og meta starf skólans og hvað má gera betur. Niðurstöður starfsmannakönnunar sem Ísafjarðarbær lagði fyrir kom vel út sem segir okkur að starfsfólki líður almennt vel að starfa hjá sveitarfélaginu.

Núna þegar Sólborg hefur stækkað mikið sem vinnustaður sem er með starfsstöð á tveimur stöðum þá þarf að halda enn betur utan um allan starfsmannahópinn og tryggja að allir fái upplýsingar og fræðslu tengda starfinu. Það sem þarf að endurskoða í því samhengi er fjöldi starfsmannafunda með aukningu í huga.

Það sem mest vinna fór í síðastliðið skólaár er eins og fram hefur komið var að opna nýja 5 ára deild sem fékk nafnið Tanga. Það voru skiptar skoðanir um ágæti slíkrar deildar í samfélaginu og er á meðal kennara almennt í landinu, en deildin fór vel af stað og hefur bæði sýnt og sannað ágæti sitt. Núna er hún að byrja sitt annað starfsár og verða nemendur allan veturinn á deildinni en sl. vetur voru þau einungis frá 19. janúar eða í hálf ári. Foreldrar barna sem voru að byrja á Tanga núna í ágúst sl. voru bæði boðaðir á kynningarfund um starfsemi deildarinnar og síðan í viðtal með deildarstjórum og gafst það fyrirkomulag vel.

Nemendahópurinn er ólíkur hverju sinni og því miður er það að færast í vöxt að börn eru ung að glíma við alls kyns erfiðleika í uppvexti sínum s.s. tengd frávikum í þroska og hegðun. Einnig búum við í samfélagi margbreytileikans sem við fögnum sérstaklega, en þurfum að vanda okkur enn betur til að taka á móti börnum sem hingað koma og eru ekki talandi á íslensku og oft lítið á sínu móðurmáli einnig. Til þess að mæta þessum fjölbreytileika í leikskólanum þarf aukinn stuðning fyrir nemendur sem unnið er nú að og er það vel.

#### 5. Fjöldi barna og deilda

Á Sólborg voru fjórar deildir en síðan fjölgað deildum í fimm með opnun Tanga 19.janúar sl. Á tveimur yngri deildunum Bót og Dokku er pláss fyrir 14-16 nemendur, fer eftir aldri og samsetningu hópsins. Á haustönn voru 15 nemendur á Dokku sem fluttu síðan yfir á Naust þegar nemendur þar fóru á Tanga. Í janúar byrjuðu svo nýir nemendur í aðlögun á Dokku og



voru þar alls 15 nemendur fædd 2015. Á Bót voru 21 nemendur nemendur á haustönn, 15 fædd 2014 og 6 fædd 2015. Þau voru svona mörg þar sem það vantaði leikskólaláss og í staðinn voru 5 kennara í stað fjögurra. Á vorönn voru þar alls 16 nemendur, 10 fædd 2014 og 6 fædd 2015.

Á Naust og Króki er pláss fyrir 20 til 24 nemendur, fer eftir aldri og samsetningu hópsins. Á Nausti voru voru á haustönn 24 nemendur í árgangi 2012 sem fór síðan á Tanga.

Á Króki voru 21 nemandi í árgangi 2012. Á 5 ára deildinni Tanga er pláss fyrir 50 nemendur. Þar voru 47 nemendur sl. skólaár.

## 6. Fjöldi kennara, stöðugildi, forföll

1. júní 2017 störfuðu alls 40 starfsmenn við leikskólann í 33,55 stöðugildum. Í þessum hóp eru þrjár sem starfa við ræstingu sem er ekki inn í stöðugildunum. Einnig eru tveir starfsmenn sem eru með samning í gegnum Sjúkratryggingar Íslands.

## 7. Hreyfing á starfsfólki, barnsburðaleyfi og veikindi

- Anna Kristbjörnsdóttir var ráðin inn tímabundið frá 03.04. – 14.07.2017.
- Anna Maj byrjaði í ræstingu á Tanga 18.01.2017.
- Anna Gunnarsdóttir byrjaði 01.01.2017.
- Berglind M. Ólafsdóttir var ráðinn inn tímabundið frá 04.04- 21.06.2017.
- Davíð Sighvatsson var ráðinn inn tímabundið frá 16.01 –14.07.2017.
- Elzbieta J Mazur er í fæðingarorlofi til 1.09.2017.
- Ingibjörg Einarsdóttir byrjaði hjá okkur 02.05.2017.
- Ingibjörg Svavarsdóttir byrjaði hjá okkur 31.10.2016 sem aðstoðarmatráður og var ráðin inn tímabundið til 31.10.2017.
- Kristjana Kristjánsdóttir byrjaði hjá okkur tímabundið 08.08.2016 – 13.07.2018.
- Kristjana D. Valgeirsdóttir kom til starfa eftir fæðingarorlof 01.09. 2016.
- Inga Jóna Sigurðardóttir kom aftur til starfa eftir fæðingarorlof og launalaust leyfi 22.08.2017.





- Líf Indiana Sveinsdóttir byrjaði í ræstingum 08.08.2017.
- Linda Kristín Grétarsdóttir byrjaði hjá okkur tímabundið 01.02.2017.
- Maria Maciola hætti í ræstingum 14.07.2017.
- Ólöf Bergmannsdóttir byrjaði 16.01.2017 og er tímabundið hjá okkur.
- Rebekka Guðleifsdóttir byrjaði hjá okkur 16.01.- 31.03.2017.
- Tanja Björk Ómarsdóttir byrjaði hjá okkur 16.01.2017 og er tímabundið.

## 8. Upplýsingar um keypta þjónustu

Frá 19. janúar 2017 var keyptur var matur frá Grunnskólanum á Ísafirði fyrir 5 ára deildina. Í páska- og sumarleyfi eldaði matráður Sólborgar fyrir 5 ára deildina.

14-17. ágúst sl. eldaði matráður Sólborgar bæði fyrir Tanga og fyrir Dægradvöl, auk Sólborgar á Torfnesi.

## 9. Upplýsingar um sjálfsmat

Deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri gerðu skýrslu um starfið fyrir hvern mánuð fyrir sig og skiluðu inn til leikskólastjóra 2x ári (desember og júní). Einnig höfum við haldið fundi með tveimur elstu árgöngum skólans til að ræða starfið í skólanum og heyra þeirra raddir og sjónarmið.

Foreldrar og allt starfsfólk svara könnun sem kemur frá Skólapúlsinum annað hvert ár. Ísafjarðarbær leggur spurningarkönnun fyrir sitt starfsfólk annað hvert ár og eru niðurstöður kynntar og gerð umbótaáætlun.

## 10. Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði, lóð.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þarf að fá nýjan upphitaðan kofa/skúr á lóðina fyrir útileikföng sem er í réttri hæð fyrir kennara. Þá þarf áfram að huga að aðkomu við skólann og bílastæðum. Í stað þess að leggja upp við skólann væri ráð að skoða með að loka aðkomunni nema fyrir vöruflutningar og bæta við bílastæðum hér fyrir ofan skólann. Þetta myndi bæta öryggi barna til mikilla muna. Einnig þyrfti að skoða með skjól fyrir kerrur og þotur sem



foreldrar þurfa að geyma hér úti þar sem ekki er pláss fyrir það inni. Þá þarf að færa stigann upp á loft því hann er á leiksvæði barnanna. Yfirfæra þarf leiktæki og öryggisvarnir á lóð. Einnig þarf að betrubæta og lagfæra öryggismottur í kringum kastalann. Athuga þarf með dren á lóðinni, sérstaklega þar sem gamla tónlistaskólaláttan er. Hæðarpunktur á ristum á frárennslis-rörum/ræsum standa upp úr þannig að vatn rennur ekki niður um þau, einnig eru frárennslisrör/ræsi í jörðu meira og minna stífluð. Fara þarf yfir útihurðir og viðarverja, þetta. Skoða þarf með þakglugga þar sem starfsmannaaðstaðan er uppi á lofti til að fá meiri birtu og loftræstingu. Bæta þarf um betur með meiri hljóðvist t.d. með vegg á milli yngri og eldri deildana og í vinnurými kennara uppi á lofti. Laga þarf og mála í eldhúsi þar sem skipt var um gólfdukk og fyrir framan deildar þar sem færa þurfti hljóðplötur.

Þegar það eru fundir s.s.s deildar- og/eða deildarstjórafundir og eða sérfræðingar að koma vegna einstakra barna, þegar það eru foreldrasamtöl þá vantar fundarherbergi. Til að mæta þessu hefur leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri og sérkennslustjóri þurft að lána vinnuaðstöðuna sína. Þá þarf sal við leikskólann til að geta verið öll saman þegar það eru sérstakar uppákomur, og til vera með hreyfistundir og jóga í.

## 11. Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Byggja þarf við leikskólann svo möguleiki sé á fundaraðstöðu og vinnuaðstöðu fyrir aðstoðarleikskólastjóra (en núna deila þeir saman litlu herbergi þar sem einnig fer fram sérkennsla). Þá þarf sal sem hægt að nýta fyrir hreyfingu og jóga og þegar eru stærri uppákomur eru og fyrir starfsmannafundir. Einnig vantar geymslu fyrir vagna og kerrur.

Mála þarf deildar og laga eftir hljóðplötur sem voru færðar. Koma þarf upp veggjum til að bæta hljóðvist. Mikill hávaði er erfiður fyrir alla og heilsuspillandi.

Uppþvottavélin í eldhúsinu er kominn til ára sinna og þarf mikið viðhald og fer að líða að því að þörf verði á nýrri. Það sama með segja um þurrkarann í þvottahúsinu. Þá er þörf á öðrum frystiskáp en vandamálið er að við höfum ekki pláss fyrir hann.



## 12. Samstarf við aðrar stofnanir

Við höfum átt gott samstarf við Grunnskólann, Tónlistarskólann, bókasafnið, íþróttahúsið auk annarra þjónustustofnana á Ísafirði. Það hefur verið gott samstarf á milli leikskólanna í Ísafjarðarbæ og í Bolungarvík.

## 13. Viðhald, breytingar og fjárfestingar

Framkvæmdum við að klára að setja upp nokkrar hljóðplötur sem byrjað var á í sumarleyfinu 2015 á Torfnesi var lokið í sumarleyfinu 2016. Annað hefur ekki verið gert.

## 14. Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun

Það tókst ágætlega. Það voru einstaka liðir sem voru hærri og aðrir lægri en það skýrist líka á tilkomu Tanga nýju 5 ára deildarinnar okkar. Það er stundum erfitt að áætla einstaka liði því ef hlutir taka upp á því að bila getur verið mjög dýrt að gera við þá því öll útseld vinna er mjög dýr. Það að hafa ekki aðgang að húsverði þýðir meiri kostnaður við hin ýmsu viðhaldsverk. Þá er mjög kostnaðarsamt að skipta um perur því það er svo hátt til lofts og þörf á iðnaðarmanni í verkið.

## 15. Lokaorð

Hlutverk stjórnanda í leikskóla er mjög fjölbreytt og krefst þess að viðkomandi geti tekið á öllum þeim málum sem upp koma sem lúta að kennurum, nemendum og foreldrum þeirra, samstarfsaðilum og rekstri skólans. Það að vera stjórnandi á tveimur starfsstöðvum kallar á breytta starfshætti og er vissulega meira krefjandi, en jafnframt skemmtilegt og ögrandi.

Við höfum reynslu frá 5 ára deildinni Eyrarsól þ.e. bæði að opna og loka í tvígang, en núna er Tangi kominn til að vera og það er gott til þess að vita, og það skapar öryggi og stöðuleika fyrir alla.



## ársskýrsla 2016- 2017

Hlutverk leikskólans er m.a. að hlúa vel að alhliða þroska barnsins með leikinn og gleðina að leiðarljósi. Á leikskólanum Sólborg vinna frábærir kennarar sem leggja mikinn metnað í starf sitt. Það hefur orðið fjölgun á leikskólakennurum við skólann og öðru háskólamenntuðu starfsfólki og er það mjög ánægjulegt. Einnig eru nokkrir starfsmenn í námi samhliða vinnu. Starfsmannakönnun sem Ísfjarðarbær lagði fyrir sýnir að starfsfólki líður almennt vel í leikskólanum og það skilar sér í góðu dagsverki, vellíðan fyrir alla.

Ísafirði 24. ágúst 2017,

---

Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri.